



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-148U025**

Dagsetning: **9. desember 2016**

Staðsetning: **Vesturlandsvegur á móts við Lágafell**

Atvik: **Hliðarárekstur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning



Látin:

68 ára kona

Veður og birta:

A 9 m/s, 7°C og skýjað

Vegur:

Vesturlandsvegur á mótis við Lágafell

Tími sólarhrings:

12:20

Ökutæki:

Kia Rio fólksbifreið nýskráð 2006

Jaguar XF fólksbifreið nýskráð 2014

Samantekt


Ökumaður Kia bifreiðar hafði numið staðar á vegöxl við Vesturlandsveg. Skyndilega ók hann inn á akbrautina í vinstri beygju, þvert á tvær akreinar fyrir umferð í átt til Reykjavíkur. Ökumaður Jaguar bifreiðar á vinstri akrein á leið til Reykjavíkur reyndi að sveigja frá Kia bifreiðinni án árangurs og lenti bifreiðin á vinstri hlið Kia bifreiðarinnar.

Ökumaður Kia bifreiðarinnar hlaut fjöláverka í slysinu og lést á sjúkrahúsi daginn eftir.

Í skýrslunni beinir nefndin þeirri tillögu til veghaldara að aðgreina betur akstursáttir þar sem slysið átti sér stað.

Lýsing á slysi

Síðdegis þann 9. desember 2016 ók ökumaður Kia bifreiðar Vesturlandsveg í átt til Reykjavíkur. Ökumaður var einn í bifreiðinni. Þjart var og engin ofankoma og austanátt með 9 m/s vindhraða. Eftir að hafa ekið um hringtorg við götuna Langatanga í Mosfellsbæ stöðvaði ökumaðurinn bifreið sína á vegöxlinni hægra megin. Rannsókn á slysinu leiddi í ljós að ökumaðurinn hafði þá fengið símtal og ákveðið upp úr því að snúa för sinni við og aka Vesturlandsveg til baka. Tók hann skarpa vinstri beygju og hugðist þvera tvær akreinar fyrir umferð til Reykjavíkur en ók við það í veg fyrir Jaguar bifreið sem ekið var á vinstri akrein á leið til Reykjavíkur. Jaguar bifreiðin hafnaði á ökumannshlið Kia bifreiðarinnar í hörðum árekstri með þeim afleiðingum að ökumaður þeirrar bifreiðar slasaðist mikið og lést á sjúkrahúsi daginn eftir. Einn farþegi var í Jaguar bifreiðinni.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af slysavettvangi. Sjá má bannsvæði á milli akstursátta þar sem slysið varð.

Ökumaður Jaguar bifreiðarinnar lýsti því svo að hann hafi ekki haft svigrúm til að forða árekstri. Framburður annara vegfarenda styður þessa lýsingu hans.



Mynd 2: Mynd frá lögreglu tekin á Vesturlandsvegi í átt að Reykjavík. Kia bifreiðin var staðsett á hægri vegöxl þegar henni var ekið af stað í vinstri beygju þvert yfir akgreinarnar.

Vegur og umhverfi

Á vettvangi eru þrjár akreinar, tvær fyrir umferð á leið til Reykjavíkur og ein fyrir umferð í gagnstæða átt. Skammt austan við árekstrarstað er umferðareyja og í framhaldi af henni er merkt bannsvæði með óbrotnum línunum þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð ökutækja. Bannsvæðið nær um 75 metra út frá umferðareyjunni. Í framhaldi af bannsvæðinu er tvöföld óbrotin lína milli akstursátta.



Mynd 3: Mynd frá lögreglu tekin frá vegöxlinni þar sem ökumaður Kia bifreiðarinnar hafði stöðvað fyrir áreksturinn. Myndin en tekin í átt að Lágafelli og sýnir hvar bifreiðarnar stöðvuðust eftir áreksturinn.

Áverkar

Ökumaður Kia bifreiðarinnar var spenntur í öryggisbelti en talsverð aflögun varð inn í vinstri hlið bifreiðarinnar sem olli því að hann hlaut alvarlega fjörláverka og lést á sjúkrahúsi daginn eftir.

Hvorki ökumaður né farþegi Jaguar bifreiðarinnar slösuðust í árekstrinum.

Ökutækin

Kia bifreiðin var sjálfskipt fólksbifreið nýskráð 2006. Bifreiðin var tekin til skoðunar eftir slysið. Ekkert kom fram í þeirri skoðun sem skýrt getur orsök slyssins. Bifreiðin var útbúin negldum vetrarhjólborðum.

Jaguar bifreiðin var sjálfskipt fólksbifreið nýskráð 2014. Bifreiðin var tekin til skoðunar eftir slysið. Ekkert kom fram í þeirri skoðun sem skýrt getur orsök slyssins. Bifreiðin var útbúin heilsárshjólborðum.

Ökuhraði

Leyfður hámarks hraði þar sem slysið átti sér stað er 70 km/klst. Framburður vitna gefur ekki annað til kynna en að Jaguar bifreiðinni hafi verið ekið á eðlilegum hraða miðað við aðstæður. Kia bifreiðinni var ekið úr kyrrstöðu og var því á litlum hraða.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengis- og lyfjaprófana á ökumanni Kia bifreiðarinnar voru neikvæðar. Ekki voru framkvæmdar áfengis- og lyfjaprófanir á ökumanni Jaguar bifreiðarinnar.

Orsakagreining

- Ökumaður Kia bifreiðarinnar tók ólögmæta U-beygju beint frá hægri vegöxl yfir tvær akreinar í veg fyrir aðra bifreið.

Tillaga í öryggisátt

Aðgreining akstursátta

Búið er að aðgreina akstursáttir að mestu á Vesturlandsvegi frá Ártúnsbrekku að Þingvallavegi. Einstaka vegkaflar á þessari leið eru þó ennþá með óaðgreindar akstursáttir þar á meðal vegkaflinn þar sem slysið átti sér stað. Rannsóknarnefnd samgönguslysa leggur til við veghaldara að aðgreina akstursáttir á Vesturlandsvegi á þessum stað.

Ábendingar

Bannsvæði og óbrotnar línur

Mikilvægt er að ökumenn taki ekki U-beygjur nema þar sem það er heimilt og hættulítið með tilliti til umferðar og aðstæðna. Á þessum hluta Vesturlandsvegur eru hringtorg með stuttu millibili og ber ökumönnum að nýta þau til að snúa við. Á milli akreina er óbrotin lína og að auki eru eyjar og merkt bannsvæði til aðgreiningar. Hvort tveggja tákna að það sé hættulegt og óheimilt að aka yfir slíkar merkingar.

Áfengis og lyfjamælingar í alvarlegum slysum

Rannsóknarnefndin gerir athugasemdir við að áfengis- og lyfjamæling var ekki gerð á báðum ökumönnum. Nefndin hefur áður bent á nauðsyn þess að útiloka þann þátt í rannsóknum allra alvarlegra umferðarslysa.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Brynjar Stefánsson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 31. janúar 2018

Rannsóknarnefnd samgönguslysa